

Samráðshópur um öldrunarmál á Vesturlandi

Lokaskýrsla



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

Inngangur

- Árið 2019 samþykktu sveitarfélögin á Vesturlandi sameiginlega velferðarstefnu fyrir landshlutann sem kom svo formlega út snemma árs 2020. Í stefnunni voru ýmsar tillögur að aðgerðum í þágu velferðar á Vesturlandi.
- Þar á meðal var lagt til að skipaður yrði samráðshópur (SÖV) sem hefði það hlutverk að leita leiða til að bregðast við þeirri þróun sem fylgja mun breytingum á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Skipun vinnuhópsins er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands og lýtur að eflingu öldrunarþjónustu í landshlutanum.
- Hópurinn tók til starfa í september 2020 og áætlað var að hann lyki störfum í maí 2021. Vorið 2021 fól stjórn SSV hópnum að taka til umfjöllunar rekstrarumhverfi hjúkrunar- og dvalarheimila á Vesturlandi. (Sjá fylgiskjal 1). Í kjölfarið var starfslokum hópsins seinkað til ársloka 2021.

➤ *Fylgiskjal 1: Minnsblað stjórnar SSV til SÖV*

➤ *Fylgiskjal 2: Erindisbréf SÖV*



Inngangur

- Vinnuhópurinn var skipaður eftirtöldum fulltrúum:
 - Björn Bjarki Þorsteinsson framkvæmdastjóri Brákarhlíðar, formaður hópsins
 - Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar
 - Þóra B. Hreinsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá HVE
 - Ingveldur Eypórsdóttir yfirfélagsráðgjafi hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga
 - Með hópnum störfuðu þeir Sigursteinn Sigurðsson fagstjóri menningar- og velferðarsviðs og Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV



Inngangur

- Samkvæmt erindisbréfi (sjá fylgiskjal 2) var hlutverk og markmið vinnuhópsins byggt á Velferðarstefnu Vesturlands og er:
 - Að efla öldrunarþjónustu með auknu samráði sveitarfélaga, Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og hjúkrunar- og dvalarheimila, m.a. varðandi samstarf varðandi um heimahjúkrun og heimilishjálp
 - Að efla öldrunarþjónustu með innleiðingu á nýrri tækni
 - Að efla öldrunarþjónustu með ýmsum nýsköpunarverkefnum
- Í erindisbréfi segir einnig að hópurinn horfi m.a. til samstarfs og samþættingu á heimahjúkrun og stuðningsþjónustu, tilraunaverkefna og nýsköpunar í velferðarþjónustu í sinni vinnu.
- Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Vesturlands var ákveðið að verja 7.000.000.- til verkefnisins um eflingu öldrunarþjónustu. Þegar hafa verið nýttar 800.000.- þannig að vinnuhópurinn hafði til umráða 6.200.000 til að fjármagna starfsemi sína og þau verkefni sem hann hugðist ráðast í.

Inngangur

- Hópurinn hefur haldið alls 21 fund og fóru þeir allir fram í gegnum fjarfundarbúnað. Gestir funda voru:
 - Arnar Ægisson og Halldór Axelsson frá nýsköpunarfyrirtækinu Alvican
 - Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri öldrunar hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar
 - Heiðrún Janusardóttir verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála hjá Akraneskaupstað
 - Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands (SMV)
 - Ívar Örn Reynisson verktaki hjá SMV
 - Kristín Njálisdóttir frá Landsmennt
 - Magnús Smári Snorrason verkefnisstjóri hjá SMV
 - Þar að auki var fundað með framkvæmdastjórum hjúkrunar- og dvalarheimila á Vesturlandi sem og stjórnendum í félagsþjónustu sveitarfélaga



Niðurstöður samráðshóps

- Hér á eftir verða rakin þau verkefni sem samráðshópur um öldrunarmál á Vesturlandi tók sér fyrir hendur samkvæmt erindisbréfi.
- Verkefnin eru:
 1. Námskeið fyrir starfsfólk í öldrunarþjónustu
 2. Rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila á Vesturlandi – Úttekt
 3. Tillögur að tilraunaverkefnum um aukna samvinnu í öldrunarþjónustu á Vesturlandi



1. Námskeið fyrir starfsfólk í öldrunarþjónustu

- Á fyrstu fundum hópsins varð töluverð umræða um þau áhrif sem Covid-19 hafði haft á starfsfólk í öldrunarþjónustu og ljóst að mikilvægt væri styðja við og efla það í starfi með markvissri fræðslu.
- Í kjölfarið var ákveðið að leita til Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands um að standa fyrir röð námskeiða fyrir starfsfólkið og samið var við Símenntunarmiðstöðin í kjölfarið um umsjón með námskeiðunum. Þær Svala Hreinsdóttir og Þóra B. Hreinsdóttir voru tengiliðir hópsins við Símenntunarmiðstöðina.
- Haldin hafa verið fimm námskeið; Streitumál, tíma og orkustjórnun, Öldrunarsjúkdómar, Persónuvernd í heilbrigðis- og félagsþjónustu, Næring aldraðra, Líknar- og lífslokameðferð.
- Námskeiðin voru þátttakendum að kostnaðarlausu. Sóknaráætlun Vesturlands fjármagnaði verkefnið að stærstum hluta, en leitað var til starfsmenntasjóðanna um niðurgreiðslu vegna þeirra félagsmanna sem tóku þátt í námskeiðunum sem haldin voru.

➤ *Fylgiskjal 3: Skýrsla SMV um námskeið starfsfólks í öldrunarþjónustu*



2. Rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila á Vesturlandi

- Stjórn SSV fór þess á leit við vinnuhópinn að gerð yrði úttekt á rekstri hjúkrunar- og dvalarheimila í kjölfar umræðna um erfiðra rekstrarstöðu þeirra sumarið 2021. Hópurinn gerði í kjölfarið samning við KPMG um að vinna greiningu á rekstri allra sjö hjúkrunar- og dvalarheimilanna á Vesturland.
- Greiningin byggir á gagnafyrirspurn sem send var á rekstraraðila hjúkrunarheimilanna og innihélt m.a. upplýsingar um rekstrartekjur og -gjöld heimilanna, starfsmannahald og aðra lykilþætti í starfsemi þeirra. Veittar upplýsingar ná til ára 2017-2020.
- Í niðurlagi skýrslunnar eru síðan tilgreind ýmis atriði sem heimilin geti haft til hliðsjónar til þess að bæta rekstur þeirra.

➤ *Fylgiskjal 4: Greining KPMG á rekstri hjúkrunarheimila*



3. Tillögur að tilraunaverkefnum um aukna samvinnu í öldrunarþjónustu

- Í Velferðarstefnu Vesturlands er lögð áhersla á að unnið verði að samþættingu og aukins samstarfs þeirra aðila á Vesturlandi sem sinna öldrunarþjónustu. Sérstaklega verði horft til tilraunaverkefna og nýsköpunar í þjónustu hvað þetta varðar.
- Þessi áhersla endurspegladist í erindisbréfi vinnuhópsins og hefur hópurinn því litið svo á að þetta sé eitt af hans meginverkefnum.
- Öldrunarmál eru í dag á hendi ríkis og sveitarfélaga. Ríkið sér öldruðum fyrir heilsugæslu og sinnir heimahjúkrun. Sveitarfélög sjá fólki fyrir félagslegri heimaþjónustu. Varðandi rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila þá greiðir ríkissjóður daggjöld til þeirra sem reka hjúkrunar- og dvalarrými, óháð rekstrarformi, samkvæmt metinni þörf fyrir rýmafjölda í hverju heilbrigðisumdæmi.



3. Tillögur að tilraunaverkefnum um aukna samvinnu í öldrunarþjónustu

- Þær kannanir sem gerðar hafa verið á viðhorfi aldraðra sýna að þeir óska í flestum tilfellum að dvelja á eigin heimili til æviloka ef heilsa leyfir. Umræðan um sjálfræði aldraðra og einstaklingsmiðaða þjónustu við þennan þjóðfélagshóp verður sífelld háværari. Líóst er að á næstu árum mun öldruðum fjölga hlutfallslega hraðar en öðrum þjóðfélagshópum vegna hækkandi lífaldurs og lækkandi fæðingartíðni.
- Vinnuhópurinn hefur rætt um hvernig best sé að standa að því að vinna tillögur að tilraunaverkefnum og nýsköpun í öldrunarþjónustu sem auka á samþættingu þjónustu og efla samstarf á milli þeirra sem veita þjónustuna. Til að kynna sér málin frekar átti hópurinn fund með Berglindi Magnúsdóttur skrifstofustjóra hjá Skrifstofu öldrunar hjá Reykjavíkurborg sem fór yfir tilraunaverkefni og nýsköpun í öldrunarþjónustu hjá borginni. Einnig fundaði hópurinn með Arnar Ægissyni og Halldóri Axelssyni hjá Alvican um nýsköpun varðandi búnað í öldrunarþjónustu.
- Hópurinn leggur til að fjögur verkefni verði útfærð frekar og mætti fela ákveðnum aðilum á Vesturlandi að gera tilraunir með þau.



3. Tillögur að tilraunaverkefnum um aukna samvinnu í öldrunarþjónustu

- Hópurinn leggur til að fjögur verkefni verði útfærð frekar og mætti fela ákveðnum aðilum á Vesturlandi að gera tilraunir með þau. Verkefnunum er lýst nánar á næstu síðum.
- Verkefnin eru:
 - A. Stofnun endurhæfingarteymis
 - B. Nýtt skipulag á rekstri öldrunarmála – Miðstöð öldrunarþjónustu
 - C. Nýtt skipulag á rekstri öldrunarmála í Dalabyggð – Miðstöð öldrunarþjónustu
 - D. Heilsuefling og félagsleg þátttaka eldri borgara
 - E. Samráðsvettvangur öldrunarmála á Vesturlandi






A. Stofnun endurhæfingarteymis

Aðili

Velferðar- og mannréttindasvið Akraneskaupsstaðar og HVE í samstarfi mynda þróunarverkefni um samþættari þjónustu við aldraða. Samstarfsaðilar hafa nú þegar átt fundi um mögulegt þróunarverkefni.

Markmið

Að efla almennt þjónustu við aldraða, samþætta þjónustu við aldraðra í heimahúsum m.a. með stofnun endurhæfingarteymis.





A. Stofnun endurhæfingarteymis

Lýsing

Samstarfsaðilar horfa til reynslu Reykjavíkurborg sem hefur um nokkurra ára skeið verið með endurhæfingarteymi sem hluta af sinni þjónustu. Árið 2009 tók Reykjavíkurborg yfir heimahjúkrun í borginni og náði þar með að samþætta heimahjúkrun og heimilishjálp sveitarfélagsins. Árið 2017 samþykkti borgin að innleiða hugmyndafræði endurhæfingar í heimahúsi og stofna s.k. endurhæfingarteymi. Endurhæfing í heimahúsi er hluti af heima þjónustu Reykjavíkurborgar og er í senn heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta. Í endurhæfingarteymunum starfa iðjuþjálfar, íþróttifræðingar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, sjúkraliðar, félagsliðar og næringarfræðingar sem veita ráðgjöf. Sjúkratryggingar greiða 60% af kostnaði og Reykjavíkurborg 40%.


Markmið þjónustunnar er að auka sjálfbjargargetu notenda, lífsgæði og félagsþátttöku í gegnum þjálfun og endurhæfingu. Með því að nýta úrræði í samfélaginu má draga úr eða seinka mögulegri þjónustubörf og draga úr eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum. Þjónustan felst í þjálfun sem styður við áframhaldandi búsetu í heimahúsum út frá þörfum og óskum notandans.



A. Stofnun endurhæfingarteymis

Ávinningur

- Nánari samvinna mun stuðla að heildstæðari þjónustu sem ætti að fækka „gráum svæðum“ og mögulegum hindrunum í kerfinu.
- Aukin sjálfsbjargargeta, lífsgæði og félagsþátttaka
- Seinka þjónustupörf eldri borgara
- Notendur geta búið lengur heima
- Dregið úr eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum og félagslegri heimaþjónustu/stuðningsþjónustu



B. Nýtt skipulag á rekstri öldrunarmála – Miðstöð öldrunarþjónustu

Aðilar

- a) Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Brákarhlíð í Borgarnesi og HVE
- b) Sveitarfélög á Snæfellsnesi, hjúkrunarheimilin og HVE

Markmið

að skapa grundvöll að sem skilvirkastri öldrunarþjónustu á Vesturlandi alla daga ársins.





B. Nýtt skipulag á rekstri öldrunarmála – Miðstöð öldrunarþjónustu

Lýsing

Aðilar verkefnisins skipa verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með verkefninu. Undir verkefnastjórn verði til sameiginleg miðstöð öldrunarþjónustu. Miðstöðin mun sinna samskiptum og þjónustu við aldraða með víðtækar þarfir aldurshópsins sem um ræðir í forgrunni. Miðstöð öldrunarþjónustu og markmið hennar verða hugsuð út frá þörfum neytandans þar sem samþætting á sviði félagslegrar og heilbrigðislegrar heimaþjónustu, dagvistunar, hvíldarinnlagna, félagsstarfs og hjúkrunar fer fram.

Með stofnun miðstöðvar öldrunarþjónustu verður til ein sameiginleg upplýsingagátt sem hýsa skal allar þær upplýsingar er varða notandann og hans aðstandendur. Þannig er hægt að einfalda til muna aðgengi að öldrunarþjónustu á svæðinu og um leið tryggja notandanum hámarks öryggi í upplýsingaöflun og samskiptum við eina stofnun sem hefur allar upplýsingar á einum stað.

Í þessari tillögu er lagt til að mynduð verði 3 fagsvið sem samþætt stofnun starfar eftir og eru eftirfarandi:

- Rekstrarsvið, sem sér alfarið um daglegan rekstur og fjárreiður stofnunarinnar. Sviðið annast starfsmannamál og er ábyrgt fyrir rekstri allra eininga undir miðstöð öldrunarmála og vinnur þvert á hin tvö sviðin sem hér á eftir eru útlistuð.
- Félags- og þjónustusvið, sem veitir félagslega aðhlynningu. Undir sviðinu heyra sérfræðingar félagsmála og aðrir starfsmenn félagsmála.
- Hjúkrunarsvið, sem fer með málefni almenna heimilis lækninga, lyfjagjafar og sinnir neyðarköllum. Þar starfa sérfræðingar í lækningum, hjúkrun og umönnun, meinatækni, röntgen o.fl.



B. Nýtt skipulag á rekstri öldrunarmála – Miðstöð öldrunarþjónustu

Ávinningur

- Nánari samvinna mun stuðla að heildstæðari þjónustu sem ætti að fækka „gráum svæðum“ og mögulegum hindrunum í kerfinu
- Stjórnun á þessum verkefnum yrði á hendi eins aðila, sem er í þessari tillögu verkefnastjórn „Miðstöðvar öldrunarmála“
- Faglegri stjórnun
- Skýrir verkferlar munu brúa bil á milli þjónustuaðila
- Betri yfirsýn, aukin gæði þjónustu, einfaldari upplýsingargjöf og vonandi með tíð og tíma víðtækara þjónustuframboði en nú er



C. Nýtt skipulag á rekstri öldrunarmála í Dalabyggð – Miðstöð öldrunarþjónustu

Aðilar

Dalabyggð (Silfurtún), Fellsendi og HVE

Markmið

að skapa grundvöll að sem skilvirkastri sem og hagkvæmastri öldrunarþjónustu í Dalabyggð og nærsveitum árið um kring, alla daga ársins.



C. Nýtt skipulag á rekstri öldrunarmála í Dalabyggð – Miðstöð öldrunarþjónustu

Lýsing

Þeir aðilar sem að verkefninu standa mynda verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með verkefninu. Undir verkefnastjórn verði til sameiginleg miðstöð öldrunarþjónustu sem og sameiginleg rekstrarstjórn fyrir Silfurtún og Fellsenda. Miðstöðin mun sinna samskiptum og þjónustu við aldraða með víðtækar þarfir aldurshópsins sem um ræðir í forgrunni. Miðstöð öldrunarþjónustu og markmið hennar verða hugsuð út frá þörfum neytandans þar sem samþætting á sviði félagslegrar og heilbrigðislegrar heimaþjónustu, dagvistunar, hvíldarinnlagna, félagsstarfs og hjúkrunar fer fram.

Með stofnun sameiginlegrar rekstrarstjórnar hjúkrunarheimilanna Silfurtúns, sem Dalabyggð rekur, og Fellsenda, sem er sjálfseignarstofnun, er markmiðið að ná betur utan um rekstur beggja heimilanna með sameiginlegri yfirstjórn, rekstrarlega og faglega og leita þannig eftir að ná meira samstarfi þeirra fagaðila sem við stofnanirnar starfa sem og við fagfólk sem hjá heilsugæslustöðinni í Búðardal starfa á vegum HVE.



C. Nýtt skipulag á rekstri öldrunarmála í Dalabyggð – Miðstöð öldrunarþjónustu

Ávinningur

- Nánari samvinna mun stuðla að heildstæðari þjónustu sem ætti að fækka „gráum svæðum“ og mögulegum hindrunum í kerfinu.
- Sameiginleg og faglegri stjórnun í gegn um verkefnastjórnina sem mun miðla upplýsingum til einstakra eininga miðstöðvar öldrunarmála.
- Skýrir verkferlar munu brúa bil milli þjónustuaðila
- Tækifæri til að efla stoðþjónustu og samnýta starfsfólk t.d. bakvaktir
- Tækifæri til að bæta rekstur Silfurtúns (12 rýma heimili) sem hefur verið mjög þungur mörg undanfarin ár. Rekstur Fellsenda er einnig þungur þó ákveðin leiðrétting varðandi daggjöld til heimilisins hafi náðst árið 2019.

Það er sóknarfæri, bæði rekstrarleg sem og fagleg, í auknu samstarfi og samþættingu þeirra aðila sem um ræðir í Dalabyggð, til að svo megi fara þarf að hefja undirbúning og samtal eins fljótt og auðið er.

D. Heilsuefning og félagsleg þátttaka eldri borgara

Aðilar

Öll sveitarfélög á Vesturlandi, HVE og sjálfseignarstofnanir í öldrunarþjónustu.

Markmið

Auka hreyfingu eldri borgara, bæta heilsu þeirra og auka félagslega þátttöku.





D. Heilsuefning og félagsleg þátttaka eldri borgara

Lýsing á verkefninu

Heilbrigðisráðherra skipaði vinnuhóp um heilsuefningu eldri borgara sem skilaði tillögum sínum snemma árs 2021. Lagt er til að unnið verði að þeim markmiðum sem hópurinn setti fram á Vesturlandi og sveitarfélögin og HVE taki höndum saman um verkefnið í samstarfi við félög eldri borgara í landshlutanum. Verkefninu eru:

- 1) Öll sveitarfélög á Vesturlandi marki sér stefnu er varðar heilsuefningu fyrir aldraða og út frá henni verði unnin aðgerðaáætlun með reglulegu stöðumati, eftirfylgni og árangursmælingum. Markmiðið er að öllum öldruðum sé gert kleift að búa við öryggi, sjálfræði, ástunda heilbrigða lifnaðarhætti og hlúa að sinni heilsu og líðan m.t.t. áhuga, heilsufars og færni. *Aðgerð: Sameiginleg stefna unnin fyrir öll sveitarfélögin á Vesturlandi.*
- 2) HVE og sveitarfélög í góðu samstarfi, samfellu og með áherslu á gæði í sínu starfi útrými óskilgreindum þjónustusvæðum þeirra á milli eða svokölluðum gráum svæðum í þjónustu við aldraða. Aðstæður séu með þeim hætti að möguleikar þessa hóps til að ástunda heilbrigða lifnaðarhætti og búa við bestu mögulegu heilsu og líðan séu hámarkaðir. *Aðgerð: Samstarfssamningur á milli HVE og sveitarfélaganna tryggja þessi markmið.*



D. Heilsuefning og félagsleg þátttaka eldri borgara

3. Fylgst sé vel með heilsu og líðan aldraðra, lifnaðarháttum og félagslegum aðstæðum auk annarra áhrifaþátta heilbrigðis með bættri gagnasöfnun. Viðeigandi gögn séu nýtt af HVE og sveitarfélögum með það að markmiði að þjónusta og heilsuefningarstarf verði markvissara. Viðeigandi gögn séu þannig notuð til að meta þarfir, vinna að úrbótum og fylgjast með árangri aðgerða. *Aðgerð: SSV framkvæmi reglulegar kannanir um heilsu og andlega líðan aldraðra.*
4. Heilsueflandi samtöl séu framkvæmd í sveitarfélögum í samstarfi heilbrigðis- og félagsþjónustu, heilsueflandi móttökur séu til staðar á öllum heilsugæslustöðvum og hlutverk beggja þjónustupátta gagnvart heilsuefningu aldraðra sé eft. *Aðgerð: Samstarfssamningur á milli HVE og sveitarfélaganna tryggir þessi markmið.*
5. Öldruðum sé boðið upp á reglulega fræðslu um heilbrigða lifnaðarhætti og hafi viðeigandi forsendur til að vernda og bæta eigin heilsu. Þeir viti hvernig best er að vinna að bættri heilsu og séu upplýstir um þá þjónustu og aðstöðu sem er í boði. *Aðgerð: Gerður verði samningur við Símenntunarmiðstöð Vesturlands.*
6. Starfsfólk stuðningsþjónustu og heimahjúkrunar fái viðeigandi símenntun, þjálfun og stuðning til að styðja við heilsuefningu aldraðra í þjónustu við einstaklingana í samræmi við þarfir þeirra hverju sinni. *Aðgerð: Þetta verkefni var ýtt til framkvæmdar, sjá fyrir í þessari kynningu.*

D. Heilsuefning og félagsleg þátttaka eldri borgara

Ávinningur

- Bætt heilsa eldri borgara
- Eldra fólk getur dvalið lengur heima
- Minni eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum
- Færri innlagnir á sjúkrahús





E. Samráðsvettvangur öldrunarmála á Vesturlandi

Aðilar

Öldrunarstofnanir á Vesturlandi, sveitarfélög á Vesturlandi, SSV, HVE og Skóla- og félagsþjónusta Snæfellsbæjar.

Markmið

Efla samtal og samráð á milli aðila sem sinna öldrunarþjónustu á Vesturlandi og miðla þannig upplýsingum og þekkingu á milli svæða og stofnanna.

Lýsing

Framkvæmdaaðili er SSV sem sér um að skipa samráðshóp á milli aðila sem sinna og/eða koma að öldrunarþjónustu á Vesturlandi. Haldnir yrðu reglulegir fjarfundir þar sem gefst vettvangur til að bera saman verkefni og deila aðferðum, lausnum og upplýsingum um almennan rekstur á milli aðila. Kostnaður af fundunum yrði í lágmarki, og reiknað með að framlög stofnananna yrðu í formi vinnuframlags undaraðila, en SSV myndi halda utan um skipulag og dagskrá funda.

Ávinningur

- Meira hagræði í rekstri
- Aukið upplýsingaflæði á milli aðila sem sinna öldrunarþjónustu
- Aukið samstarf á sviði öldrunarmála í landshlutanum
- Bætt þjónusta til skjólstæðinga og aðstandenda



Samantekt

- Það er mat samráðshópsins að verkefnin sem ýtt var úr vör hafa gengið vel. Ljóst er að mikil tækifæri eru fólgin í auknu samstarfi í málefnum aldraðra á Vesturlandi og sú vinna sem nú þegar hefur farið fram er grunnur að frekara samstarfi og samtali.
- Í erindisbréfi samráðshópsins voru rakin verkefni sem hópnum var falið að inna af hendi. Að auki bættist við verkefni með minnisblaði stjórnar SSV sem var lagt fyrir hópinn vorið 2021.



Samantekt

- Að efla öldrunarþjónustu með auknu samráði sveitarfélaga á Vesturlandi, HVE og hjúkrunar- og dvalarheimila í landshlutanum.
 - Með úttekt KPMG er gefin mynd af rekstrarumhverfi dvalar- og hjúkrunarheimila á Vesturlandi. Í niðurlagi skýrslunnar er lagðar fram ábendingar um tækifæri til úrbóta sem m.a. leggur til aukins samstarfs stofnananna í landshlutanum.
 - Samráðshópur um öldrunarmál á Vesturlandi leggur til tillögu um tilraunaverkefni um aukna samvinnu í öldrunarþjónustu, bæði til hagræðingar í rekstri og auknari þjónustu við skjólstæðinga.
 - Hópurinn leggur jafnframt til að skoðuð verði gaumgæflega stofnun miðstöðva öldrunarþjónustu á Vesturlandi, að hluta til eða í heild.



Samantekt

- Að efla öldrunarþjónustu með innleiðingu á nýrri tækni.
- Að efla öldrunarþjónustu með ýmsum nýsköpunarverkefnum.
 - Með samningi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands er gert átak um aukna símenntun og hæfnismat starfsfólks sem sinnir öldrunarþjónustu. Það eru verkefni sem voru framkvæmd á starfstíma samráðshópsins og miðuðust við að færa námskeiðin nær starfsfólkinu með hjálp tækninnar og sveigjanlegri tímasetningu á námskeiðum.
 - Samráðshópurinn fékk kynningu frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar nýstárlegar lausnir í heimahjúkrun og heimaþjónustu. Það eru lausnir sem geta nýst dreifðari byggðum, eins og aðstæður eru á Vesturlandi – með hjálp nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefnum í öldrunarmálum.
 - Samráðshópurinn fékk kynningu frá fyrirtækinu Alvican er varðar tæknilausnir fyrir aldraða, með það að leiðarljósi að eldri borgarar geti búið sem lengst á heimilum sínum.



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS